

Breytingar samþykktar og þingskapa Fjórðungssambands Vestfirðinga

Á 69. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að vori var samþykkt að gera tillögu að breytingum á samþykktum Fjórðungssambandsins og þingsköpum Fjórðungsþings. Tillagan var svohljóðandi og var samþykkt samhljóða.

Undirbúningur breytinga á samþykktum og þingsköpum á haustþingi

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga óskar heimildar Fjórðungsþings Vestfirðinga að fjalla um og gera tillögu til 69. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti um breytingar á 9. og 10. grein samþykktar Fjórðungssambandsins og 6. grein þingskapa Fjórðungsþings.

Tekið verði til skoðunar að á kosningaári sveitarstjórna verði Fjórðungsþing að vori og sumri verði felld saman í eitt þing sem haldið verði að afloknum kosningum. Fyrri stjórn skili af sér sínum verkefnum og kosið verði síðan til stjórnar og nefnda Fjórðungssambandsins. Eins verði fjallað um hvort fastsetja eigi ákvæði um tilnefningu sveitarfélaga í kjörnefnd.

Breytt ákvæði samþykktar

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið í tvennu lagi á hverju ári. Fjórðungsþing að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti er haldið í september eða október. Á kosningaári sveitarstjórna skal Fjórðungsþing að vori hinsvegar haldið að afloknum þeim kosningum þó eigi síðar en 30 dögum eftir nýjar sveitarstjórnir hafa tekið til starfa.

Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings, aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaping haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

Það ár sem kosningar til sveitarstjórna fara fram skal stjórn boða til Fjórðungspings fyrir lok júní. Dagskrá þingsins fer eftir ákvæðum samþykktá Fjórðungssambands og þingskapa Fjórðungspings.

Það ár sem kosningar til sveitarstjórna fara fram skal stjórn kalla eftir tilnefningum sveitarstjórna eigi síðar en 15 dögum eftir að ný sveitarstjórn tekur til starfa. Sveitarstjórn hvers aðildarsveitarfélags Fjórðungssambandsins skipi einn fulltrúa. Fulltrúar í kjörnefnd skipa formann nefndarinnar. Skipun fulltrúa sveitarstjórnar gildir fram að kosningum til sveitarstjórna hverju sinni, en sveitarstjórn er heimilt innan þess tímabils að skipa nýjan fulltrúa í kjörnefnd óski hún þess.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á Fjórðungspingi að afloknum kosningum til sveitarstjórna og á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru að jafnaði tvö ár. Kosið skal í stjórn á kosningaári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum. Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það tilnefnt áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsping formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjors fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum. Hætti varamaður eða varamaður tekur sæti aðalmanns í stjórn, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta ársþings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsping ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

9. gr. Fjórðungsping að vori

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi að vori, ár hvert. Þingið skal haldið í apríl eða maí nema á því ári sem að kosið er til sveitastjórna og vísast framkvæmd þess til ákvæða 10. Gr samþykktá *Fjórðungsping á kosningaári til sveitastjórna*.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði

ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

10. gr Fjórðungsþing á kosningaári til sveitarstjórna.

Á því ári sem kosið er til sveitarstjórna skal stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi. Þingið skal haldið eigi síðar en 30 dögum eftir að nýkjörnar sveitarstjórnir hafa tekið við störfum.

Á dagskrá Fjórðungsþings á kosningaári til sveitarstjórna skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.
4. Kosning í fastanefndir
5. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis
6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár
7. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
8. Önnur mál löglega fram borin.
9. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Breytingar á þingsköpum

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastanefndir:

- Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og annað sem varðar stjórnskipulag Fjórðungssambands.
- Allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings og þau mál sem varða markmið og almenn verkefni Fjórðungssambandsins.

Auk þessara nefnda getur þingið ákveðið að setja nefndir um sérstök mál eða málaflokka til starfa á þinginu eða milli þinga. Heimilt er að haga svo kjöri í þingnefndir að fulltrúar velji sjálfir þá nefnd sem þeir vilja starfa í.

Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

Á þingum, þegar kosningar fara fram starfar kjörnefnd sem sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambandsins hafa áður skipað. Kjörnefnd leggur fram tillögur að skipan stjórnar, formanns stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fastanefndir samkvæmt samþykktum.